

# Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs suðursvæði 8. fundur

## 8. fundur

Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs – Suðursvæði 8. fundur

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **föstudaginn, 23. maí 2008** á Höfn í Hornafirði **kl. 10:00.**

**Mætt voru:** Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson, Guðrún Ingimundardóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður og Hafdís Roysdóttir sérfræðingur. Skúli Skúlason var í síma.

### 1. Reglugerð

Lögð fram drög að reglugerð dags. 13. maí 2008. Svæðisráðið fjallaði um drögin og setti fram athugasemdir og ábendingar um efni reglugerðar.

Fundarmenn ræddu um að óþægilegt væri að fjalla um reglugerðina þegar ekki lögju fyrir viðaukar og kort. Einnig var rætt um mikilvægi þess að kynna reglugerðina sem víðast áður en hún verður endanlega samþykkt.

Dýrleif Kristjánsdóttir og Þórður Ólafsson komu á fundinn kl. 11.30 og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna um reglugerðina.

### 2. Önnur mál

Regína upplýsti um að breskir rannsóknaraðilar hafi óskað eftir að stunda rannsóknir á Svínafellsjökli og Fláajökli. Svæðisráðið fagnar umsókninni og samþykkir rannsóknina fyrir sitt leyti.

Upplýst að Vatnajökulsþjóðgarður verður stofnaður 7. júní nk.

Fundi slitið 12.30.